

## Fella- og fjallgönguverkefnið: „Upp í sveit“

Sumarið 2023 eru 4 póstkassar með gestabókum settir upp í uppsveitunum.

Allar leiðirnar eru viðráðanlegar fyrir fjölskyldur en eru þó misléttar.

Göngutími er reiknaður út frá gönguhraða við 4 km/klst plús 15 mín. fyrir hverja 100 metra hækkun.

- **Hlíðarkistan** í Skeiða- og Gnúpverjahreppi: nokkuð jöfn hækkun nær alla leiðina (hækkun 230 m, vegalengd að kassa 2.3 km, göngutími: 60 mín.)
- **Stóri-Reyðarbarmur** í Bláskógabyggð, í byrjun er nokkuð brött brekka á malarstíg og svo 2-3 aðrar léttari eftir það, (hækkun: 220 m, vegalengd að kassa: 1.3 km, göngutími að kassa: 50 mín.)
- **Svartárgljúfur** í Hrunamannahreppi: um birkiskóg, göngubrýr yfir læki (flatlendi, vegalengd að kassa: 0.8 km, göngutími að kassa: 15 mín.) Fleiri gönguleiðir í dalnum: <https://tungufell.net/tungufellsdalur/gonguleidir/>
- **Úlfjótsvatnsfjall** við Úlfjótsvatn, Grímsnes- og Grafningshreppi: jöfn hækkun (hækkun: 116 m, vegalengd: 3 km hringurinn, göngutími að kassa: 30 mín.)

Hvar eru póstkassarnir?

QR-kóði nr. 1: hlekkur á kort (Google map):

<https://shorturl.at/kCK18>



**Hlíðarkistan** í Skeiða- og Gnúpverjahreppi: nokkuð jöfn hækkun nær alla leiðina (hækkun 230 m, vegalengd að kassa 2.3 km, göngutími: 60 mín.)

Erfiðleikastig:



Aðrar upplýsingar: Byrjunarstaður: bílastæði á milli íbúahúsa á bænum Hlíð. Þar er P- merki. Eitt hlið er rétt ofan við bæinn sem þarf að fara í gegnum og muna að loka, annars eru á gönguleiðinni gönguhlið og ein príla yfir girðingar. Einnig eru appelínugular stikur alla leiðina upp. Upp á fjallsbrúnni er gengið framhjá Gvendarvörðu en hún er nefnd eftir smala frá Stöðulfossi við Laxárdal. Bæði á leiðinni upp og uppi á toppnum er mjög fallegt útsýni yfir Stóru-Laxá, allar uppsveitirnar og út í Vestmanneyjar. Hlíðarkistan er hæðsti punktur Hlíðarfjalls og er í 371 metra hæð yfir sjárvarmáli. Varðan uppi á Hlíðarskistunni var hlaðinn upp úr aldamótunum 1900 af dönskum landmælingarmönnum.

**Stóri-Reyðarbarmur** í Bláskógabyggð, í byrjun er nokkuð brött brekka með lausamöl og svo 2-3 aðrar léttari eftir það, (hækkun: 220 m, vegalengd að kassa: 1.3 km, göngutími að kassa: 50 mín.)

Erfiðleikastig:



Aðrar upplýsingar: keyra má tvær leiðir að bílastæðinu sem er rétt fyrir ofan Barmaskarð. Báðar leiðirnar eru fólksbílafærar en keyrið varlega. Fallett er að keyra upp Barmaskarðið en þá er keyrð sama leið og þegar farið er að Laugarvatnshellunum. Hin leiðin er upp Bragarbót sem er afleggjari beint á móti afleggjarnaum að skálanum í Kringlumýri á Lyngdalsheiði. Gönguleiðin er nokkuð brött að hluta og laus í sér. Þegar upp er komið er stórfallett útsýni yfir vellina fyrir neðan og Stóra-Dímon að vestan. Eins yfir í Botnsúlur og Hengillinn, Lyngdalsheiðina og Þingvallavatn.

Nafnið Reyðarbarmur kemur af því að landnámsmaðurinn Ketilbjörn gamli en hann nam Grímsnesið, Laugardalinn og hluta af Biskupstungum, kom ríðandi frá Þingvallavatni og hafði veitt þar silungsreyðar en gleymdi þeim undir hlíðum fjalls sem heitir nú Reyðarbarmur og er suðvestast í Kálfstindum.

Erfiðleikastig:

**Svartárgljúfur** í Tungufellsdal í Hrunamannahrepp: um birkiskóg, göngubrýr yfir læki (flatlendi, vegalengd að kassa: 0.8 km, göngutími að kassa: 15 mín.)  
Fleiri gönguleiðir í dalnum: <https://tungufell.net/tungufellsdalur/gonguleidir/>



Aðrar upplýsingar: keyrt er inn afleggjara að Tungufelli og Jaðri í Hrunamannahrepp, rétt áður en komið er að bæjunum er afleggjari til hægri og fer hann inn dalinn og áfram inn afrétt Hrunamanna. Þaðan er um 3 km á grófur malarvegur en er alveg fólksbílafær. P-bílastæða merki er í hægri kanti vegar þar sem beygt er út af og ör sem bendir á hvar göngubrú er. Þaðan er leiðin stikuð. Gengið er í gegnum fallegan birkiskóg og eru göngubrýr yfir læki. Þegar inn að Svartárgljúfri er komið þá er póstkassinn með gestabókinni á gönguleiðinni en þaðan er hægt að ganga niður að ánni og skoða glúfrið. Hægt er að ganga innar en farið varlega. Þar innan við er gullfallegur foss og gljúfur sem er falin perla. Hægt er að ganga sömu leið til baka eða ganga áfram hringleið sem endar á sama stað og byrjað er (sjá hér ofan við hlekk á kort frá landeiganda)

Erfiðleikastig:

**Úlfljótsvatnsfjall** við Úlfljótsvatn, Grímsnes- og Grafningshreppi: jöfn hækkun (hækkun: 116 m, vegalengd: 3 km hringurinn, göngutími að kassa: 30 mín.)



Aðrar upplýsingar: Byrjunarstaður: við skála sunnanmegin við Grafningsveginn, til móts við skátasvæðið. Best að leggja bílum á stóru malarplani rétt fyrir neðan skálann sem er upp við fjallið.

Gengið er upp frá skálanum KSÚ sem er við vatnaleiksvæði, þaðan er slóði upp á topp fjallsins. Aðeins innar en toppurinn er línuvegur sem hægt er að fylgja eftir fjallinu en póstkassinn er við „Norsku vörðuna“ sem er nánast á hinum enda fjallsins, nálægt brún fjallsins, hægra megin við veginn. Þaðan er svo hægt að fylgja veginum þangað sem hann endar og fara niður af fjallinu á milli litlu skúranna tveggja en þar er slóði niður að krossinum sem stendur í fjallshlíðinni fyrir ofan kirkjuna. Frá krossinum er slóði nálægt veginum þar til komið er innan gamlan ónotaðan veg sem liggur aftur að bílastæðinu.

„Norska varðan“ var reist af norskum skátum sem heimsóttu Úlfljótsvatn sumarið 1977.

Jörðin Úlfljótsvatn er nú í eigu Skátanna og Skógræktarinnar. Skógræktarfélagið á Úlfljótsvatnsbæinn og útihús og Úlfljótsvatnskirkju sem séreign og skátahreyfingin á Útilífsmiðstöðina sem séreign, en útjörð er óskipt og sameiginleg. Skátarnir hafa verið á Úlfljótsvatn frá því árið 1941.

Í góðu veðri er gott útsýni yfir Eyjafjallajökul til austurs og upp yfir Þingvallavatnið til norðurs.